

Fundur Foreldrafélags Grunnskóla Fjallabyggðar 16. Nóvember 2016 kl. 17

Fundurinn var haldinn í skólahúsnæðinu við Tjarnarstíg á Ólafsfirði. Mættar voru Hugborg Inga Harðardóttir, formaður, Katrín Freysdóttir, ritari, Rut Viðarsdóttir, Telma Björk Birkisdóttir, Björk Óladóttir, Diljá Helgadóttir, Guðrún Þorvaldsdóttir og Jónína Magnúsdóttir, skólastjóri.

1. Árgjald Foreldrafélagsins. Ákveðið var að minna á árgjaldið og benda á að það birtist undir valgreiðslur. Þá voru gjöld vegna innheimtu rædd og staðan tekin.
2. Fundarefni febrúarfundarins. Rætt var um þann möguleika að fá fræðslu sem sniðin er að börnum og foreldrum varðandi forvarnir. Ákveðið var að skoða Marita samtökin, SÁÁ og aðra til að fá upplýsingar um fyrirlestra. Skólastjóri tók að sér að skoða þetta.
3. Umræður urðu um fjárhagsáætlun Fjallabyggðar 2017 varðandi fræðslumál.
4. Rædd voru kaup á skólapeysum og ákveðið að fá tilboð frá nokkrum stöðum.

Fleira ekki gert og fundið slitið kl. 18:15

Ritari

Katrín Freysdóttir